

Lög

um

breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Lænborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. í tolllögum nr. 54, frá 11. júlí 1911, orð.st þannig:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til rikissjóðs þannig:

1. Af allskonar öli, limonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.
2. af sherry, portvini og malaga kr. 2,00 af hverjum lítra.
Af kognaki og víuanda með 8^o styrkleika eða minna kr. 2,00 af hverjum lítra, yfir 8^o og alt að 12^o styrkleika kr. 3,00 af hverjum lítra, yfir 12^o og alt að 16^o styrkleika kr. 4,00 af hverjum lítra.
Af víuanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, kr. 2,00 af hverjum lítra, og af ilmvötnum og hárlýfjum, sem víuandi er í, kr. 4,00.
3. Af rauðvini, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum áfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,00 af hverjum lítra.
4. Af sóðavatni kr. 0,06 af hverjum lítra.
Sjeu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2., 3. og 4., fluttar í ílátum, sem rúna minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum $\frac{3}{4}$ lítra sem af lítra í stærri ílátum.
5. Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki, kr. 4,00 af hverju kg.
6. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) kr. 8,00 af hverju kg.
Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósnum, sem þeir seljast í.
7. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 30 aura af hverju kg.
8. Af aliskonar brendu kaffi 40 aura af hverju kg.
9. Af sykri og sírópi 15 aura af hverju kg.
10. Af tegrasi 100 aura af hverju kg.

Nr. 12 11. Af súkkulaði 50 aura af hverju kg.

12. ágúst. 12. Af kakaódufti 30 aura af hverju kg.

13. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum kr. 2,00 af hverju kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—4, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundum í 5.—13. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að $\frac{3}{4}$ og þar yfir telst sem heil, $\frac{1}{4}$ alt að $\frac{3}{4}$ sem hálf, en minna broti sje slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neytslu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipsskjöl sin eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn á skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Sje skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neytslu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Lög nr. 52, frá 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. toll laga fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, eru feld úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 12. ágúst 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.